

29922

Bergstaðastræti 2ja herb. sér jarðhæð.

Njálsgata 3ja herb. risibúð.

Snæland Fossvogur einstaklingsíbúð.

Hraunteigur 2ja herb. íbúð á 2. hæð.

Skúlagata 2ja herb. íbúð á 3. hæð.

Snorrabraut 2ja herb. íbúð á 3. hæð.

Vesturborg 2ja herb. íbúð á 2. hæð.

Eyjabakki 3ja herb. íbúð á 3. hæð.

Hraunbær 3ja til 4ra herb. íbúð á 3. hæð. Herb. í kjallara.

Álfheimar 3ja herb. íbúð á 3. hæð.

Nesvegur Seltj. 3ja herb. jarðhæð. Sjávarlóð.

Móabard Hafnarf. 3ja til 4ra herb. íbúð.

Bollagata 3ja herb. kjallaraíbúð.

Álfhólsvegur 3ja herb. íbúð á 2. hæð.

Hamraborg 3ja herb. íbúð á 6. hæð.

Einaranes 3ja herb. jarðhæð.

Framnesvegur 3ja herb. íbúð á 4. hæð. Herb. í kjallara.

Miðbraut Seltj. 3ja herb. íbúð á 1. hæð. Bílskúr.

Hraunbær 4ra herb. íbúð á 2. hæð.

Kjarrhólmur 4ra herb. íbúð á 2. hæð.

Asparfell 4ra herb. íbúð á 4. hæð.

Suðurhólar 4ra herb. íbúð á 3. hæð.

Mávahlíð 4ra til 5 herb. risport.

Vesturborg 4ra herb. íbúð á 1. hæð.

Austurberg 4ra herb. íbúð á 2. hæð. Bílskúr.

Hafnarfjörður

Óldutún sérhæð, 5 herb. m. bílskúr.

Laugarnesvegur 4. hæð, 5. herb. + ris.

Lönguhlíð ris + hanabjálki, 200 ferm. samtals.

Akranes

Einbýlishús.

Flúðasel raðhús.

Rjúpufell raðhús.

Bólstaðarhlíð 5 herb. endaíbúð á 4. hæð með tvennum svölum, nýjum eldhúsinnréttingum, 4 svefnherb., bílskúr. Í skiptum fyrir 4ra herb. íbúð. Bein sala eða skipti.

Hlíðar einbýlishús sem er hæðir og kjallari. 25 ferm. bílskúr, afhending í nóv. Gæti hentað fyrir félagasamtök eða skrifstofuhús.

Síðusel parhús, fokhelt.

Gardabær

Ásbúð. Grunnur undir 150 ferm. Siglufjarðarhús.

FASTEIGNASALAN

Skálafell

MÚOHÍLÍÐ 2 (VIÐ MIKLATÖRG)

Sölustj. Valur Magnússon.

Viðskiptafr. Brynjólfur Bjarkan.

82744

GLADHEIMAR SÉRHÆÐ

Neðri sérhæð í fjórbylishúsi. Tvær stofur, 2 svefnherb., hol, forstofa, eldhús og bað. Sér inngangur, sér hiti. Stór bílskúr og góð lóð.

MERKJATEIGUR

6 herb. einbýlishús ásamt 40 fm. bílskúr. Skemmtilegt hús, en ekki fullklárað. Verð 55 millj.

NJÖRVASUND

4ra herb. íbúð á efri hæð í fjórbylishúsi. Sér inngangur, nýtt gler, nýjar innréttingar á baði. Bílskúrsréttur. Verð 37—38 millj.

GAMLI MIDBÆR

2 íbúðir að Hverfisgötu 16, 2ja og 3ja herb. Húsið er allt ný lagfært, vönduð smíði og smekklegt. Verð 32 og 28 millj.

BARMHLÍÐ 80 FM.

Vinaleg og rúmgóð 3ja herb. kjallaraíbúð. Sér inngangur. Laus 1. desember nk. Verð 29—30 millj.

ÖLDUGRÓF EINBÝLI

Frékar lítið en mjög snyrtilegt timburhús með álklaðningu, mikið endurnýjað. Góð lóð.

ASPARFELL 2JA HERB.

Rúmgóð 2ja herb. íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi. Verð 27 millj.

SNÆLAND

Björt einstaklingsíbúð á jarðhæð í nýlegri blokk. Laus strax. Verð 17 millj.

LAUFÁS

GRENSÁSVEGI 22-24

(LITAVERSHÚSINU 3.HÆÐ)

Guðmundur Reykjalín, viðsk. fr.



AUGLÝSINGASTOFA

MYNDAMÓTA

Aðalstræti 6 sími 25810



Listamaðurinn við mynd sína „Fyrirboði“ (27).

Sýning Sveins Björnssonar

Það er augljóst að Sveinn Björnsson er með afkastamestu og atorkusömustu málurum þjóðarinnar. Sýningar hans eru orðnar margar og miklar um sig enda sparar hann hvorki efni í myndgerð sína né hefur tiltakanlegar áhyggjur út af stærð þeirra. Þessi ótakmarkaða gleði við að fást við pentskúfina og mála í stórum flötum er í senn óvenjuleg og virðingaverð. Sveinn hirðir ekki hið minnsta um ýmsar grónar og gildar reglur við myndgerð og sýningarhald t.d. „Festina lente“, — flýttu þér hægt. Hann gefur þessari reglu nánast langt

Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

nef um vinnuhraða og afköst en hins vegar er hún í fullu gildi að því leyti að myndgerð hans tekur hægt um breytingum.

Sveinn er í enn eitt skipti mættur galváskur til leiks með viðamikla sýningu og að þessu sinni í vestri sal Kjarvalsstaða og stendur sýningin sem hæst er þessi listdómur birtist. Aðsókn hefur verið með ágætum og góðar viðtökur sýn-

ingargesta næsta slegið listamanninum út af laginu að eigin sögn, sem er honum þó vissulega hvatning og styrkur.

Á líkum tíma og sýningin var í uppsiglingu er hann gerður fullgildur meðlimur ítalskrar listaakademíu, nánar tiltekið „Accademia Italia della Arti del Lavoro“ sem útleggst nokkurnvegin orðrétt: Akademí Ítalíu um list vinnunnar“. Hér er þannig um að ræða listastofnun sem heiðrar listamenn er helga sig öðru fremur myndefni atvinnuhátta. Ítalir eiga fjölda slíkra stofnana og var undirritaður m.a. meðlimur

Hafískönnun á Grænlandshafi

NOKKURRAR ónákvæmni gætti í smáfrétt í sunnudagsblaði Morgunblaðsins (10. ágúst) um ískönnun austur af Grænlandi. Flugfélag Sverris Þóróddssonar hefur tekið að sér flug í sambandi við tveggja mánaða ískönnun Dana við austur-Grænland allt norður til Germanialands rétt sunnan við 78°N. Sagt var í fréttinni, að nýjustu ískortin af svæðinu væru frá 1943.

Hér er sem sagt um misskilning að ræða, þar sem upphaflega var átt við þýzka heildarútgáfu um árin 1919—1943. En danska veð-

urstofan hefur engu að síður og allt til þessa fylgzt eftir megni með hafisnum og unnið að árskýrslum um ís umhverfis Grænland. Ennfremur hafa t.d. Bretar og Norðmenn gert hafiskort af Grænlandshafi.

Við gerð kortanna er allt notað sem til fellur, athuganir frá láði, legi og úr lofti, flugvélum og veðurtunglum. Hins vegar nægja þessar venjulegu athuganir ekki við rannsókn þá, sem Danir eru að hefja núna. Dansk Hydraulisk Institut hefur skipulagt og mun

framkvæma rannsóknina. Tilgangurinn er að kanna jarðlög austur af Grænlandi og komast að því á næstu árum, hvort olía kynni að leynast þar neðra.

Tvö dönsk skip munu fara þar um sem fært er og þess vegna er nauðsynlegt að fylgjast með magni og reki hafissins dag frá degi. Eins og áður gat hafa Danir samið við Sverri Þóróddsson og munu flugmenn hans fljúga norður annað veifið, að jafnaði tvisvar í viku, en með í för verður Poul Schmidt Hansen, ískönnuður leiðangursins. Hann hefur bæktistöð í Reykjavík og sendir ískort sín til Danmerkur um fjarskiptadeild Væðurstofu Íslands.

Hafisrannsóknadeild Væðurstofunnar mun fylgjast náið með könnuninni, enda má búast við mjög gagnlegum upplýsingum um hafisinn fyrir norðan 67°N næstu 6—7 vikurnar. 6. ágúst slóst undirritaður með í förina og var flogið norður undir Scoresbysund og þaðan suður með Grænlandsströnd til 67°N, en þar um slóðir var annað skipanna á leið norður. Hafis var helzt úti fyrir skriðjöklum, sem ganga í sjó fram, og var siglingaleið greiddar 20—30 mílur undan ströndinni.

Hitt rannsóknarskipið kom í dag, 11. ágúst, til Reykjavíkur á leið norður.

Þór Jakobsson
Hafisrannsóknadeild.

Í smíðum

Glæsilegt keðjuhús, ásamt 2ja—3ja herb. íbúðum. Staðsetning, Brekkubyggð, Gardabæ.

Eitt keðjuhús m/bílskúr, 143 fm og 30 fm bílskúr fokh. í nóv.—des. '80, en tilb. undir trév. marz—maí '81.

Ein þriggja herbergja, 88 fm íbúð á efri hæð í tveggja hæða húsi (er að verða fokh.). Auka geymsla og bílskúr fylgir. Allt sér. Hitaveita, inng., lóð og sorp.

Tvær „LUXUS“ íbúðir, 76 fm í einnar hæðar parhúsum, auka geymsla og bílskúr fylgir. Allt sér: Hitav., inng, lóð og sorp. Fokh. í maí s.l. Allar ofantaldar íbúðir afh. tilb. undir tréverk

Íbúðir hinna vandlátu

Íbúðaval h.f. Byggingafél.

Kamsvegi 32, R. Símar 34472 og 38414.

Sigurður Pálsson, byggingam.

Til leigu

við Strandgötu í Hafnarfirði 3ja herb. íbúð. Tilvalið fyrir hárgreiðslu/ snyrtistofu eða skrifstofu. Uppl. í síma 50299 kl. 2—6 næstu daga.